

***BORGARRÁÐ 13. september 2018: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um mötuneyti borgarinnar - R18090109***

Að borgin skilgreini þjónustusamninga mötuneyta borgarinnar og bjóði rekstur þeirra út.

Greinargerð:

Markmiðið með þessari tillögu er að skilgreina gæði mötuneytisfæðis betur og auka gæðin. Auk þess eru vísbendingar um að þetta fyrirkomulag er hagstæðara en það sem nú ríkir sbr. niðurstöður útboða í nágrannasveitarfélögunum, Hafnarfirði, Garðabæ og fleiri. Í þessu þarf að horfa til hráefnis, launa og rekstrarkostnaðar.